

Nd.

85. Frumvarp til laga

[51. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað I. 3 komi:

*Kirkjubær*: Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiriksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.

Prestssetur: Kirkjubær.

Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir.

b. Í stað I. 4 komi:

*Eiðar*: Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.

Prestssetur: Eiðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram í samræmi við yfirlýstan vilja sóknarnefnda í hlutaðeigandi söfnuðum og miðar að því, að prestur verði búsettur á Eiðum og fái þannig betri aðstöðu til að vinna fyrir skólana þar, alþýðuskólann og barnaskólann.